

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



Reykjavík, 7. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600038/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018, Kjarni, Hamrar og Gata sólarinnar. Lýsing.

Vísað er til erindis Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018. Ofangreind tillaga að breyttu aðalskipulagi er tvíþætt. Annars vegar er gert ráð fyrir að svæðið þar sem útivistarsvæðið í Kjarna, tjaldsvæðið að Hömrum og útilífsmiðstöð skáta eru, verði stækkað til norðurs. Hins vegar er í tillögu að breyttu aðalskipulagi Akureyrar gert ráð fyrir að fella út 2. áfanga orlofsbyggðar norðan Kjarnalundar sem var áætlaður neðan væntanlegrar tengibrautar en í staðinn er gerð tillaga um að orlofsbyggðin verði stækkuð til vesturs um 1 ha, en þar var áður áætluð íbúðarbyggð.

Kjarni Hamrar


Gert ráð fyrir nýjum tjaldflötum og endurbættum aðkomuvegi á stækkun Hamra og Kjarna svæðisins. Í greinargerð kemur fram að stækkun svæðisins nái til túna og beitarhólfa norðan klettaborganna, og að svæðið sem áætluð stækkun nái til sé raskað land, meira og minna mótað af landbúnaðarnytjum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess verði gætt við framkvæmdir að röskun verði ekki á klettaborgunum sem setja sterkan svip á svæði.


Gata sólarinnar

Skipulagssvæði fyrir stækkun orlofsbyggðar er í brekkunni ofan Eyjafjarðarbrautar vestari við norðurmörk skógræktarsvæðisins norðan Kjarnalundar, en vestan núverandi orlofsbyggðar. Landið þar sem tillaga er um stækkun orlofsbyggðar verði, er hallaminna land og síðan taka við tún til vesturs.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun